



Mannvirkja
stofnun

Stoðrit við skoðunarlista

Stöðuskoðun leyfisveitanda

4.039

Útgáfa 1.1

Dags. 13.05.2019



Efnisyfirlit

Inngangur	3
1 Stöðuskoðun leyfisveitanda	4
Stöðuskoðun.....	4
1.1 Áfangauttektir byggingarstjóra	4
1.2 Skráning iðnmeistara.....	5
1.3 Uppdrættir.....	6
1.4 Tilkynningar	7
1.5 Staða byggingarstjóra	8



Inngangur

Skoðanahandbækur Mannvirkjastofnunar vegna stöðuskoðunar leyfisveitanda, sbr. viðauka II við byggingarreglugerð nr. 112/2012, eru þannig fram settar að annars vegar er um að ræða skoðunarlista sem leyfisveitandi beitir við framkvæmd stöðuskoðunar og hinsvegar stoðrit Mannvirkjastofnunar vegna stöðuskoðunar leyfisveitanda.

Stoðritinu er ætlað það hlutverk að veita ítarlegri upplýsingar um framkvæmd stöðuskoðunar en fram kemur í skoðunarlistanum og leiðbeina um túlkun skoðunarlistans.

Stoðrit vegna skoðunarlista stöðuskoðunar leyfisveitanda sem hér er birt er því hluti skoðunarhandbókar Mannvirkjastofnunar. Skoðunarmönnum sem framkvæma stöðuskoðun, ber því að starfa í samræmi við ákvæði þessa stoðrits.

Þegar leyfisveitandi sinnir áfangaúttektum skal hann gera það í samræmi við skoðunarlista 4.032 Áfangaúttektir.

Gagnasafn MVS

Þegar vísað er til gagnasafns MVS er átt við byggingargátt MVS.

Verklag

Verklag við framkvæmd stöðuskoðunar samkvæmt viðauka II byggingarreglugerðar 6.2

Verklag við stöðuskoðun:

„Tilgangur stöðuskoðunar er annars vegar að framkvæma áfangaúttekt sem lendir í úrtaki í kjölfar tilkynningar byggingarstjóra um lok úttektarskylds verkþáttar og hins vegar að kanna framkvæmd áfangaúttekta og verkstöðu með hliðsjón af skráningum í gagnasafni Mannvirkjastofnunar.

Stöðuskoðun er sjónskoðun.“



1 Stöðuskoðun leyfisveitanda

Stöðuskoðun

1.1 Áfangaúttektir byggingarstjóra

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- staða áfangaúttekta sé í samræmi við verkstöðu
- áfangaúttektir hafi verið gerðar samkvæmt skoðunarlistum

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður kannar hvort:

- I staða áfangaúttekta sé í samræmi við verkstöðu
- II áfangaúttektir hafi verið gerðar samkvæmt skoðunarlistum

Forsendur úttektar:

Gagnasafn MVS.



1.2 Skráning iðnmeistara

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- iðnmeistarar séu skráðir á viðkomandi verkþætti
- fyrir liggja undirritaðar/rafrænar yfirlýsingar þeirra iðnmeistara sem starfa við verkið

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður kannar hvort:

- I iðnmeistarar séu skráðir á viðkomandi verkþætti
- II fyrir liggja undirritaðar/rafrænar yfirlýsingar þeirra iðnmeistara sem starfa við verkið

Forsendur úttektar:

Gagnasafn MVS.



1.3 Uppdrættir

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- fyrir liggja samþykktir uppdrættir í samræmi við verkstöðu

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður kannar hvort:

- I fyrir liggja samþykktir uppdrættir í samræmi við verkstöðu
- II hvort unnið sé eftir breyttum ósamþykktum uppdráttum

Forsendur úttektar:

Gagnasafn MVS.



1.4 Tilkynningar

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- tilkynnt hafi verið um áfangaúttektir innan tímamarka
- tilkynning um áfangaúttektir hafi borist

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun og Ú - úrtaksskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður kannar hvort eftirfarandi þættir séu í samræmi við hönnunargögn:

- I tilkynnt hafi verið um áfangaúttektir innan tímamarka
- II tilkynningar um áfangaúttektir sem hafa farið fram hafi borist

Úrtaksskoðun er heimil á þeim þáttum sem merktir eru (Ú) í skoðunarlista. Heimild til úrtaksskoðunar verks fellur niður ef athugasemd kemur fram við skoðun. Við eigin úttekt byggingarstjóra er ekki heimilt að beita úrtaksskoðun. Heimilt er að framkvæma úrtaksskoðun ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- byggingarstjóri staðfestir að hann hafi yfirfarið verk/verkbátt í samræmi við hönnunargögn
- frágangi er lokið og verk tilbúið til úttektar í heild sinni
- skoðað verk er í meginatriðum uppbyggt á sama hátt, þ.e. endurtekning sömu þátta og sambærilegs frágangs

Um úrtaksskoðun gildir:

- ávallt skal skoða eina hæð að fullu og að lágmarki 20% af fjölda hæða vegna lagnakerfa. Skoðunarmaður velur þær hæðir sem skoðaðar eru að fullu. Skoðunarmaður skal gera heildar yfirborðsskoðun þannig að hann fái yfirlit að verki sé lokið
- vegna annarra þátta skal að lágmarki skoða 25% þess verks sem er til skoðunar. Skoðunarmaður skal gera heildar yfirborðsskoðun þannig að hann fái yfirlit að verki sé lokið
- allan öryggisbúnað og öryggisþætti skal skoða og allan frágang er varðar eldvarnir eða hljóðvist
- skoðunarmaður skal taka fram í skoðunarskýrslu þegar úrtaksskoðun er beitt

Forsendur úttektar:

Gagnasafn MVS.



1.5 Staða byggingarstjóra

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- byggingarstjóri sem skráður er á verkið hafi umsjón með því
- liggi fyrir umboð byggingarstjóra fyrir annan aðila með starfsleyfi byggingarstjóra

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður kannar hvort:

- I byggingarstjóri sem skráður er á verkið hafi umsjón með því
- II liggi fyrir umboð byggingarstjóra fyrir annan aðila með starfsleyfi byggingarstjóra

Forsendur úttektar:

Gagnasafn MVS.